

Stjórnarfundur TSÍ, haldinn 18. september 2007.

Fundarmenn: Raj, Hafsteinn, Ingólfur, Skjöldur, Gunnar

- Ræddar voru **fundargerðir** stjórnar TSÍ. Ákveðið var að þær færu á heimasíðu TSÍ en vankvæði eru á að hún sé tilbúin sem stendur. Ákveðið var að Raj og Hafsteinn myndu skoða þau mál að ný eða endurbætt heimsíða líti dagsins ljós. Þeir verði einnig í sambandi við ÍSÍ til að samhljómur sé á milli okkar síðu og því sem þeir eru að gera í sömu málum. Einnig var rætt hvernig bæta má fundargerðir stjórnarfundu TSÍ og ætlar Gunnar ritari að skoða þau mál. Nefndi fundarritari á að það sé ekki auðveldara að rita fundargerðir þegar dagskrá er ómarkviss og menn vaði úr einu í annað á fundum.

Rætt var þá að ávallt liggi fyrir dagskrá fyrir hvern stjórnarfund og ætlar Skjöldur að taka það að sér. Benti Skjöldur á að vilji menn að skoðun þeirra komi berlega í ljós hjá fundarmönnum geti þeir ávallt farið fram á bókanir um sérstök málefni.

- Varðandi **lagabreytingar** og tillögur Hafsteins frá síðasta ársþingi TSÍ var ákveðið að stjórnin skoði þessi mál frekar í samráði við Líney hjá ÍSÍ. Ekki var ákveðið frekar um hvernig. Það þarf að ræða og hugmynd var uppi um að nefnd verði skipuð af stjórninni. Margir komu að sjálfri tillögunni sem kynnt var á ársþinginu. Breyting á ísl. samfélagi kallar á að þessi mál séu skoðuð. Málið þarfnast áframhaldandi skoðunar.

- **Landsliðsþjálfun** og skilyrði til að menn geti talist hæfir til að spila tennis fyrir Íslands hönd var rædd áfram. Tillaga Raj um að setja skilyrði um lágmark 8 mót og 50 leiki var skoðuð. Ekki náðist samstaða um málið sem þarf að skoða frekar á næsta fundi. Hafsteinn vildi skoða það að þetta lágmark væri sett sem viðmið en það náðist sem sagt ekki að klára þetta mál.

- **Hlutverk TSÍ** var til umræðu og er ljóst að menn vilja fara yfir þau mál frekar. Ekki var þó neitt ákveðið í þeim efnum.

- Landsliðsnefnd TSÍ sem skipuð hefur verið Raj, Jóni Gunnari og Gunnari kom til tals. Rætt var um nánari skilgreiningu á störfum nefndarinnar og hvernig hún hugist haga störfum sínum á næstu misserum. Nefndin þarf að hittast.

- Rædd voru aftur í lokin landsliðsmál í víðu samhengi. Menn voru sammála um að það þurfi að fara betur yfir þetta og skerpa á skilyrðum til þess að vera valinn í landslið Íslands í tennis og stefnu sambandsins þar um. Rætt var þannig hvernig best skuli háttað vali manna í landslið t.d. hvort ungir og efnilegir fái fleiri tækifæri á kostnað eldri leikmanna sem hugsanlega séu betri í tennis en hafi minni metnað í íþróttinni. Ekki náðist niðurstaða um málið.

- Ákveðið var að hittast aftur af tveimur vikum liðnum.

Gunnar Finnbjörnsson ritari